



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. júlí 2024
MÍ202405-0099/ 6.07 / I.S.K.

Efni: Þjóðarhöll í Laugardal

Skipulagsstofnun hefur óskað eftir eftir umsögn Minjastofnunar vegna tilkynningar til ákvörðunar um matskyldu ofangreindar framkvæmdar

Í matskyldufyrirspurn segir að áformuð er bygging Þjóðarhallar í Laugardal, Reykjavík, fjölnota mannvirki fyrir íþróttir, menningu, kennslu og viðburði sem mun uppfylla kröfur alþjóðlegra íþróttasambanda. Þjóðarhöllin verður staðsett sunnan Laugardalshallar upp að Suðurlandsbraut en svæðið einkennist í dag af bílastæðum og grasflötum. Hámarks byggingarmagn er 20.000 m². Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag en þörf er á deiliskipulagsbreytingu. Afmarkaður hefur verið byggingarreitur í deiliskipulagi.

Í 6. kafla matskyldufyrirspurnar er fjallað um umhverfisáhrif og eru fornleifar einn þeirra umhverfisþátta sem eru þar til skoðunar. Er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 og Lög nr. 80/2012 um menningarminjar höfð til hliðsjónar í þeirri umfjöllun og í mati á áhrifum er stuðst við vægiseinkunnir sem byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar. Í kafla 6.2 er fjallað um fornleifar og kemur fram að allar fornleifar eldri en 100 ára eru friðaðar og hvers konar röskun, bygginarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á fornleifum eða friðhelguðu svæði umhverfis þær eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar.

Borgarsögusafn Reykjavíkur hefur unnið fornleifaskráningu og húsakönnun fyrir svæðið. Á svæðinu eru sex hús og er Laugardalshöll hin eldri talin hafa hátt varðveislugildi sem mikilvæg bygging í íslenski byggingarlistasögu, menningar- og íþróttasögu og eitt helsta kennileiti á svæðinu. Steinsteipt hálfkúlupak, megineinkenni byggingarnar er einkum sýnilegt úr suðvestri þeim megin sem gert er ráð fyrir hinni nýju þjóðarhöll. Önnur mannvirki eru talin hafa miðlungs varðveislugildi. Öll húsin eru byggð eftir 1940 og falla því ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Fram kemur í kafla 6.1 og 6.2 að í kjölfar umsagna Minjastofnunar Íslands og Borgarsögusafns Reykjavíkur ásamt niðurstöðum húsakönnunar hafi Reykjavíkurborg tekið ákvörðun um að setja hverfisvernd á Laugardalshöll í deiliskipulagi Laugardals, vesturhluta. Þá skuli leggja áherslu við hönnun Þjóðarhallar að hún falli sem best að nánasta

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Rannsóknar- og miðlunarsvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Inga Sóley
Kristjónudóttir

ingasoley@minjastofnun.is

umhverfi og byggingum og verði haft samráð við Borgarsögusafnið þegar hönnun er komin lengra á veg.

Í matskyldufyrirspurn kemur fram að þrír minjastaðir eru skráðir innan deiliskipulagssvæðis í fornleifaskráningu. Engin merki eru um minjar á yfirborði en fornleifar sem leynast í jörðu geta komið í ljós við jarðrask. Einkum eru það minjarnar Múli og Múlavegur sem eru í hættu vegna framkvæmda. Erfðafestubýlið Múli stóð á horni Suðurlandsbrautar og Múlavegar og munu framkvæmdir raska svæðinu þar sem það var staðsett. Framkvæmdin er því talin líkleg til að raska staðbundið minjum sem eru horfnar að mestu af yfirborði. Munu framkvæmdaraðilar vera í samskiptum við Minjastofnun Íslands og leitað verður leyfis til stofnunarinnar sbr. 22. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Farið verði í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun setur skilyrði um. Aðrar minjar eru taldar í lítilli hættu vegna framkvæmda. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma verður haft samband við Minjastofnun og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar eru í matskyldufyrirspurn metnar óveruleg til neikvæð.

Í kafla 8 er fjallað um niðurstöðu mats og er að tilliti til umhverfisáhrifa vegna umfangs, eðlis og staðsetningar fyrirhugaðrar framkvæmdar ekki talið að um sé að ræða matsskylda framkvæmd. Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við þá niðurstöðu. Minjastofnun telur nægjanlega gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á með tilliti til fornleifa og bygginga. Stofnunin áréttar þó að þar sem framkvæmdin er talin líkleg til að raska minjum sem horfnar eru að mestu af yfirborði er hún háð leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. 21. og 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og að farið verði í þær mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun setur skilyrði um.

Minjastofnun telur ekki að um sé að ræða matsskylda framkvæmd. Nægjanlega er gert grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum með tilliti til menningarminja. Framkvæmdin er háð leyfi Minjastofnunar sbr. 21. og 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og að farið verði í mótvægisáðgerðir sem stofnunin telur nauðsynlegar þar sem hún er líkleg til að raska staðbundnum minjum.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Inga Sóley Kristjónudóttir
Verkefnastjóri

Mál nr. 0563/2024 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0563/2024, Þjóðarhöll í Laugardal (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Náttúrufræðistofnun gerir engar athugasemdir við framkvæmdina sem er að fullu innan þéttbýlissvæðis og hefur engin áhrif á náttúruminjar.

Höfundur: Snorri Sigurðsson/snorri.sigurdsson@ni.is

Sent inn þann: 14.06.2024, **Fyrir hönd:** Náttúrufræðistofnun Íslands



Reykjavík, 14. júní 2024

Efni: Mál nr. 563/2024 - Þjóðarhöll - ákvörðun matsskyldu

Vísað er til máls nr. 563/2024 í skipulagsgátt, Þjóðarhöll í Laugardal, tilkynning til ávörðunar um matsskyldu. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

HER hefur farið yfir gögnin og telur að miðað við aðstæður og umfang framkvæmdar sé ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum. Nærliggjandi íbúðarbyggð er í um 300 m fjarlægð sem dregur úr líkum á að hávaði frá framkvæmdum valdi ónæði. Unnt er að beina umferð á framkvæmdatíma eftir öðrum leiðum en um Reykjaveg ef draga þarf úr ónæði vegna umferðar. HER vill þó benda á að umtalsverðar líkur eru á að fækkun bílastæða í nærumhverfi þjóðarhallar muni valda álagi í nærliggjandi íbúðargötum. Nú þegar er álag á svæðinu við stærri viðburði þrátt fyrir fjölda bílastæða í dalnum. Þó svo að markmið náist varðandi aukna hlutdeild vistvænna faramáta er líklegt að tímabundin vandamál skapist þegar viðburðir eru.

Framkvæmdin sem slík er ekki háð starfsleyfi HER og ósennilegt að einstaka þættir henni tengdir séu það.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir

Verkefnastjóri

Varðar: Þjóðarhöll – fyrirspurn um matskyldu

Reykjavíkurborg barst þann 14. maí sl. bréf þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn vegna áforma um byggingu Þjóðarhallar í Laugardal en um er að ræða fjölnota mannvirki fyrir íþróttir, menningu, kennslu og viðburði.

Í erindi Skipulagsstofnunar segir að í tilfellum tilkynningaskyldra framkvæmda skuli koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt er þess óskað að umsögn taki á því hvort ákveðin, tiltekin atriði skuli háð mati á umhverfiáhrifum að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Umsögn

Skýrslan (matskyldufyrirspurnin) gerir nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og þeim umhverfispáttum sem hún tekur til. Gerð er grein fyrir helstu umhverfispáttum sem geta orðið fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar í tilkynningu til ákvörðunar um matskyldu. Þar eru tilgreindir helstu áhrifaþættir og telur Reykjavíkurborg þá umfjöllun fullnægjandi og færir skýrslan rök fyrir því að ekki verði um að ræða umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar.

Tilgangur og forsenda framkvæmdarinnar er að byggja Þjóðarhöll í Laugardal sem getur tekið allt að 8.600 manns í sæti og allt að 12.000 manns á viðburðum. Hlutverk Þjóðarhallar verður fjölnota mannvirki fyrir íþróttir, menningu, kennslu og viðburði sem uppfyllir kröfur um aðbúnað alþjóðlegra kappleikja innanhúss. Í dag nær Laugardalshöll ein og sér ekki að uppfylla þarfir og væntingar þeirra hagsmunaaðila sem í dag nota Laugardalshöll. Með tilkomu Þjóðarhallar skapast rými fyrir þarfir og væntingar umræddra hagsmunaaðila. Með samrekstri Þjóðarhallar, Laugardalshallar og frjálsíþróttahallar rýmkast verulega um æfingatíma íþróttafélaga í Laugardalshöll og frjálsíþróttahöllinni. Jafnframt mun ný Þjóðarhöll standast og uppfylla alþjóðlega staðla og reglugerðir í tengslum við uppbyggingu þjóðarleikvanga. Helsta íþróttahöll landsins, Laugardalshöll, er ein elsta þjóðarhöll í Evrópu og er hún úrelt m.t.t. þeirra staðla, reglugerða og krafna um aðbúnað sem gerðar eru til nútíma þjóðarleikvanga og viðburða er varða alþjóðlega keppnisleiki. Laugardalshöll hefur verið á undanþágu hjá alþjóðlegum íþróttasamböndum en m.a. er öryggissvæði í kringum keppnisgólfið ónægilegt miðað við núverandi kröfur, gólflöturinn of lítill og aðgengi blaðamanna og áhorfenda ekki nægilegt. Ljóst er að miðað við núverandi ástand muni undanþágan falla úr gildi innan fárra ára. Jafnframt mun ný þjóðarhöll mæta þörf fyrir bættri íþróttaaðstöðu í Laugardal m.t.t. til skóla- og íþróttastarfs.

Eðli framkvæmdar. Um er að ræða umfangsmikla framkvæmd í suðurjaðri Laugardals þar sem fyrir eru fyrir nokkuð stór íþróttamannvirki, sbr. Laugardalshöll og Frjálsíþróttahöllin. Stærsti íþróttaleikvangur landsins, Laugardalsvöllur, liggur síðan um 350 m norðan við fyrirhugað þjóðarhallarstæði. Þá liggur Suðurlandsbrautin sunnan við fyrirhugaða framkvæmd auk þess sem fyrirhuguð er mikil uppbygging á nærliggjandi svæðum, þ.e. á Orkureitnum og í Skeifunni. Eðli framkvæmdarinnar felst í því að reisa fjölnota mannvirki sem uppfyllir kröfur um aðbúnað fyrir íþróttir og þá sérstaklega alþjóðlegra kappleikja. Þjóðarhöllin mun einnig nýtast undir menningu, kennslu og aðra viðburði. Því er markmið framkvæmdarinnar jákvætt m.t.t. samfélagslegra þátta, bæði innan Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins sem og landsins alls.



Staðsetning framkvæmdar. Staðsetning Þjóðarhallar verður sunnan Laugardalshallar upp að Suðurlandsbraut. Austan við fyrirhugaða höll eru æfingavellir og Grasagarður Reykjavíkur en sjálft framkvæmdarsvæðið einkennist í dag af bílastæðum og grasflötum. Umhverfið á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði einkennist af manngerðum þáttum og byggingum og hefur töluverð landmótun átt sér stað. Laugardalshöll er áberandi kennileiti á svæðinu.

Umhverfisáhrif. Fram kemur í matskyldufyrirspurninni að að helstu áhrifaþættir uppbyggingar í Laugardalnum felast í raski, mannvirkjum sem breyta ásýnd og landnotkun, ásamt ónæði á framkvæmdatíma. Í skýrslunni er greinargóð umfjöllun um áhrif á landslag og ásýnd, áhrif á fornleifar, áhrif á landnotkun og samgöngur og áhrif á hljóðvist. Að teknu tilliti til umhverfisáhrifa vegna umfangs, eðlis og staðsetningar fyrirhugaðrar framkvæmdar er niðurstaða matskyldufyrirspurnarinnar sú að ekki sé talið að um sé að ræða matskylda framkvæmd.

Út frá ofangreindum atriðum er ekki gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Lögð er áhersla, líkt og fram kemur í matskyldufyrirspurninni að sækja þarf um byggingarleyfi til sveitarfélagsins áður en framkvæmdir hefjast. Við umsókn byggingarleyfis þurfa að liggja fyrir ákveðin gögn og samþykktir.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri.